

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar.

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Dalabyggðar er 0,29% af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni. Vatnsgjald á íbúðarhús skal þó að hámarki vera kr. 55.427.

2. gr.

Aukavatnsgjald skv. 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, skal vera 15,90 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla, sbr. 11. gr. ofangreindrar reglugerðar, fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

| <i>Sverleiki í mm</i> | <i>kr.</i> |
|-----------------------|------------|
| < 50 | 4.771 |
| 50-100 | 11.580 |
| > 100 | 23.856 |

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

4. gr.

Heimæðagjald skal taka mið af gerð stærð og lengd heimæðar. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

| Þvermál inntaks | 32 mm | 40 mm | 50 mm | 63 mm | 75 mm | 90 mm |
|---------------------|--------|--------|--------|---------|---------|---------|
| Fastagjald kr. | 56.799 | 73,839 | 90.879 | 107.919 | 124.959 | 141.998 |
| Gjald á metra í kr. | 1.136 | 1.363 | 1.590 | 1.818 | 2.045 | 2.272 |

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar.

Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða ef ídráttarrör reynist ónothaeft greiðist 2.938 kr./m vegna skurðgraftar og ídráttarrörs. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísítölum. Ofangreint verð tekur mið af vísítölum byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. desember 2019 og var 146,4 stig.

5. gr.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæðagjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

6. gr.

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er samin á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Samhliða fellur úr gildi fyrri gjaldskrá nr. 1304/2018.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 12. desember 2019.

Búðardal, 12. desember 2019.

Kristján Sturluson sveitarstjóri.